

Starfsáætlun 2023-2024

Heilsuleikskólinn Skógarás

Starfsáætlun 2023-2024

Heilsuleikskólinn Skógarás

Reykjanesbær, 09.september 2023



Leiðarljós leikskólans

Heilbrigð sál í hraustum líkama þar sem **samvinna** starfsfólks einkennist af **gleði, seiglu, kærleika og trausti**.



Formáli

Heilsuleikskólinn *Skógarás* tók til starfa 2. september 2008 og er rekinn af *Skólum ehf.* í samvinnu við Reykjanesbæ. *Skólar* er félag sem rekur 5 heilsuleikskóla í sveitarfélögunum, Reykjanesbæ, Grindavík, Kópavogi, Reykjavík og Garðabæ. Allir leikskólar innan vébanda *Skóla* starfa í anda Heilsustefnunnar sem kjarnast um heilsu og lífsgæði nemenda, starfsfólks og nærsamfélagsins.

Starfsáætlun skólans sýnir þá stefnu og verkefni sem áætlað er að framkvæma á skólaárinu. Hún byggir á innra- og ytra mati skólans, skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjanesbæjar.

Heilsueflandi leikskólastarf með áherslum *Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur* og *Heilsueflandi leikskóli*, er rauði þráðurinn í öllu okkar skólastarfi. Verkefnin stuðla bæði að heilsueflingu skólasamfélagsins í víðu samhengi og ramma inn áherslur skólans og innra mat á skólastarfinu. Sérstök áhersla er á fjölbreytni og snemmtækri íhlutun í gegnum hreyfingu og íþróttir.

Skólinn er virkur þátttakandi í umhverfisverkefninu „*Skólar á grænni grein*“, sem Landvernd á Íslandi rekur. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnu skólans. Verkefnið byggir á lýðræðismenntun og getu til aðgerða og er stærsta umhverfismenntaverkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum *Foundation for Environmental Education*. Skólinn hlaut alþjóðlega viðurkenningu landverndar, *Grænfánann* í þriðja sinn á vorönn 2021 en fáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir árangursríka fræðslu í umhverfismálum og náttúruvernd.

Menntastefna Reykjanesbæjar „með opnum hug og gleði í hjarta“ endurspeglast í starfi skólans og myndar heildstæðan ramma um námið. Starf skólans miðar að því að skapa börnunum öruggt og hvetjandi umhverfi, þar sem þau eru mikilvægust, kraftur fjölbreytileikans er virtur og að skólabragurinn einkennist af faglegri og hvetjandi samvinnu.

Efnisyfirlit

1. Greinagerð leikskólastjóra.....	5
1.1 síðastliðið skólaár	5
1.2 Markmið og framtíðarsýn fyrir skólaárið.....	7
2. Hagnýtar upplýsingar	7
3. Menntastefna Reykjanesbæjar	11
3.1 Meginmarkmið	11
3.2 Leiðarljós	11
3.3 Stefnuáherslur	11
4. Mat á skólastarfi.....	14
4.1 Innra mat 2022-2023.....	14
4.2 Ytra mat 2022-2023.....	16
4.3 Umbótaáætlun 2023-2024	17
4.4 Matsáætlun 2023-2024	18
5. Starfsþróun og fræðsla	20
5.1 Nám og starfsþróun 2022-2023	20
6. Tengsl skólastiga.....	22
7. Foreldrasamvinna	22
7.1 Fjölskyldan og leikskólinn	23
7.2 Foreldrafélag	23
7.3 Foreldraráð	24
7.3.1 Umsögn foreldraráðs á starfsáætlun skólans.....	24
8. Viðauki	25
8.1 Mannauður	26
8.2 Skóladagatal 2023-2024	27

1. Greinagerð leikskólastjóra

1.1 síðastliðið skólaár

Skólaárið 2022-2023 var gott, það einkenndist af samvinnu og fagmennsku. Fjöldmargir starfsmenn okkar eru að mennta sig í leikskólafræðum og höfum við lagt mikla áherslu á að finna leiðir til að styðja þá til að eiga kost á því. Tölulegar staðreyndir segja okkur að við þurfum á verulegri endurnýjun og nýliðun í okkar fræðum til að mæta auknum kröfum og fjölgun leikskóla, því hlutfallslega fer leikskólakennurum fækkandi. Mikil gróska er í starfsmannahópnum þessu tengdu og hafa nemarnir m.a. innleitt verkefni sem juku faglegan áhuga heildarinnar og studdu við námssamfélagið í innleiðingu barnasáttmálans og barnvæns samfélags. Þrír starfsmenn útskrifuðust frá Háskóla Íslands, ein með Bed í leikskólakennarafræðum, önnur með Med í leikskólakennarafræðum og þriðja með framhaldsdiplómu í sérkennslufræðum.

Aðaláhersla skólaársins var á samvinnu og traust í starfsmannahópnum, ásamt skapandi leikskólastarfi og upplýsingamiðlun til foreldra, en niðurstöður foreldrakönnunar frá 2022 sýndi að foreldrum fannst vanta betri/meiri upplýsningar frá okkur og vonum við að næsta könnun færi okkur niðurstöður sem endurspegli þetta.

BHRG og *YAP (Young Athlete Program, verkefni Special Olympics)* eru hluti af okkar verkfærum, bæði til að efla fjölbreytta hreyfingu og íþróttir ásamt því að skapa okkur vettvang til að sinna snemmtækri íhlutun í hreyfiþroska þegar við á og sem undirstöðu fyrir frekara nám. Við sjáum miklar framfarir og öflugna hreyfigetu, sem endurspeglast í glöðum og sjálfsöruggum börnum. Snemmæk íhlutun hreyfiþroska er að hluta til sérstaða skólans og líkt og áður sendu háskólarnir á höfuðborgarsvæðinu okkur nema til að læra aðferðir okkar.

Sérkennsla skólans hefur verið til fyrirmyndar og hlotið lof frá samstarfsaðilum fyrir framúrskarandi árangur, yfirsýn og skilvirk vinnubrögð. Sérkennsluteymi skólans samanstóð af sérkennslustjóra, leikskólakennara, íþróttufræðingi, iðjuþjálfara og leiðbeinanda með sálfræðimenntun. Unnið var út frá einstaklingsnámskrám, stuðningi og þörfum barna. Alls fengu rúmlega 26% barna sérkennslu þetta skólaárið eða 21 einstaklingur.

- 13 börn fengu einstaklingsþjálfun (áherslur aðallega á málörvun og vitsmunþroska).
- 6 börn fengu þjálfun í félagsfærni og stuðning við leik.
- 15 börn fengu sértæka hreyfiþjálfun.
- 8 börn fengu stuðning við daglegar athafnir.

ÍSAT verkefni skólans var til fyrirmyndar. Teymi skólans samanstóð af einum starfsmanni af hverri deild, auk ÍSAT verkefnastjóra (5 starfsmenn). Alls tóku 33 börn af erlendum uppruna þátt í ÍSAT verkefnum.

- *Hæfnirammur í íslensku fyrir fjölotyngd börn í leikskóla frá Menntamálastofnun* voru notaðir sem viðmið í tjáningarfærni (tjáningarfærni, hlustunarskilningur, hljóðkerfisvitund og læsi)
- 10 nemendur fengu *Tákn með tali* (TMT) möppur. Unnið var með möppurnar bæði heima og í leikskólanum. Markmiðið var að auka orðaforða með myndum, tákni og tali.
- Allar deildir unnu með verkefnið *gefðu 10*, þar sem starfsmenn gáfu sér 10 mínútur á dag fyrir fjölotyngt barn til að efla samræður og orðaforða.
- Vikulegur samræðulestur þar sem barn var eitt með kennara og áherslur á að læra ný orð og þjálf setningamyndun.
- Þátttaka í rannsóknarverkefninu *Orðaheimur*, þar sem unnið var mjög markvisst með málörvunarbemu í lotum í gegnum lestur og leik.

Skólar ehf. voru þátttakendur í Erasmus+ verkefni sem nefnist Bio-Trio 2 og er þetta framhaldsverkefni í samstarfi við stofnanir í Ungverjalandi, Slóvakíu og Hreyfiland á Íslandi. Skólastjóri Skógaráss ásamt sérkennslustjóra Heilsuleikskólans Króks í Grindavík og skólastjóra Heilsuleikskólans Kórs í Kópavogi. Markmið þessa verkefnis er að læra aðferðir til að styrkja samskipti á milli foreldra, barna og fagfólks og þar kemur nafnið Bio-Trio. Þátttakendur læra m.a. hvernig á að vera með vinnustofur til að fræða foreldra og annað fagfólk sem vinnur með börnum og margt fleira.

Skólalóðin okkar eldist illa og fór ekkert viðhald fram í sumarlokun skólans fyrir þetta skólaárið, heldur ekki fyrir árið á undan. Grasi og frágangi á undirlagi er verulega ábótavant, jarðvegurinn framræst ekki og skapast hættuástand eftir rigningardaga. Eitt horn á skólalóðinni er með þeim hætti að börn sem þar leika sér hverfa úr augnsýn og hefur þurft að festa 1 starfsmann til að vakta hornið í stað þess að vera virkur þátttakandi í námi og leik á útisvæði. Brunnlok staga út undan grasi sem er ætlað að liggja yfir til að koma í veg fyrir slys, en til stóð að færa girðingu skólans með þeim hætti að brunnar og framangreint horn færu út fyrir skólalóðina. Sú lausn hefði leyst þessi tvö hættusvæði lóðarinnar og eins átti að setja hlið þarna til að auka aðgengi okkar útaf skólalóð. Til stóð að malbika og merkja bílastæði starfsmanna, skipta um ónýta útihurð og smíða hlífur fyrir ofna á yngri deildum, en ekkert af þessu hefur komið til framkvæmda. Geymslukofar á útilóð eru reglulega sparkaðir upp og farið inn í þá, þeir eru illa fúnir að innan með svörtum myglu blettum sem þekja allar spýtur.

1.2 Markmið og framtíðarsýn fyrir skólaárið

Skólastarfið í Skógarási er mótað af lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá leikskólans, menntastefnu Reykjanesbæjar, Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og öðrum stefnum og leiðum sem segja til um hvernig skólinn starfar að markmiðum sínum.



Við leggjum áherslu á lærdómssamfélag og lýðræðisleg samskipti, þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Samfélag þar sem leikur, gleði og nám eru í hávegum haft og kemur til með að skapa heilbrigða og skapandi borgara í okkar samfélagi.

Með fjölgun fagmenntaðra og starfsmanna í leikskólatengdu námi hefur komið fram sú þörf í starfsmannahópnum að auka fagleika, þróast enn frekar og efla faglega ígrundun. Þennan eldmód þarf að næra og virkja. Eftir lýðræðislega umræðu í faghópnum ætlum við að taka okkar fyrstu skref í starfendarannsóknum. Hugtakið starfendarannsókn hefur verið notað til að lýsa rannsóknum sem unnar eru af kennurum í skólum í þeim tilgangi að þróa og bæta eigið starf og skapa nýja þekkingu.

Áherslubreytingar aðalnámskrár leikskóla sem eiga að koma til fyrir 1.ágúst 2024, snúa að mikilvægi leiksins sem námsleiðar barna, valdeflingu barna, inngilding og fullgilding. Inngilding og fullgilding eru ný hugtök í aðalnámskránni og snúa að jöfnun barna og mikilvægi þess að tilheyra. Áherslurnar taka líka til faglegrar ábyrgðar leikskólakennara og starfsfólks í að mennta börn og mat á námi barna í gegnum leik.

Löggjöf um samþættaþjónustu sem tók gildi 1.janúar 2022 kallar á breytta nálgun og áherslu í ákveðnum verkferlum. Meginmarkmið farsældarlöggjafarinnar er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Réttindi barna skulu tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning *Sameinuðu þjóðanna* um réttindi barnsins.

2. Hagnýtar upplýsingar

Heilsuleikskólinn Skógarás tók til starfa 2. september 2008 og er til húsa að Skógarbraut 932 á Ásbrú og er rekinn af *Skólum ehf.* í samvinnu við Reykjanesbæ.

Heilsuleikskólinn Skógarás er 80 barna skóli með fjórar aldursskiptar deildir fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Eldri deildir skólans hafa sína forstofu hver og yngri deildirnar tvær deila með sér forstofu. Leikskólalóðin er tvískipt og aðskilin með tilliti til aldurs og þroska. Í skólanum er hreyfisalur, listasmiðja og bókasafn. Skólastjórnendur deila skrifstofu, sérkennslan hefur tvö rými til funda, viðtala og þjálfunar. Starfsmenn hafa sérinngang, kaffistofu og þrjú salerni. Allur matur er eldaður á staðnum í fullbúnu eldhúsi ásamt búi og þvottahúsi. Flatarmál húsnæðisins er 933 m², nettóstærð leikrýmis 545 m².

Skólastjórn er í höndum Þóru Sigrúnar Hjaltadóttur og Kristínar Helgadóttur.

Opnunartími skólans er 7.45-16.15.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans <http://skogaras.is/>.

Nemendur

Í byrjun september verður skólinn fullsetinn með 80 nemendur og kynjahlutfallið 41 stúlka og 39 drengir.

Sérkennsla

Hólmfríður María Hjaltadóttir leikskóla- og sérkennari, er sérkennslustjóri.

Skólinn hefur verið með 4,5 stöðugildi fyrir sérkennslu, þ.e. 50% stöðugildi fyrir sérkennslustjóra, (reiknast 12,5% fyrir hverja deild skólans) og 4 stuðningsstöðugildi.

Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja og halda utan um sérkennslu ásamt sérkennsluteymi skólans. Sérkennsla felst aðallega í þjálfun einstaklinga s.s. mál- og talörvun, hegðunarmótun, félagsfærni og hreyfifærni ásamt viðtækum stuðningi við nám og kennslu einstaklinga sem þess þurfa.

Starfsmenn sérkennslunnar verða a.m.k. 4 utan sérkennslustjóra; 1 leikskólakennari, 1 íþróttakennari og 1 iðjuþjálfari, ekki hefur tekist að fullmanna og er því í vinnslu. Faghlutfall hópsins gerir það að verkum að sérkennsla skólans er til fyrirmyndar, fagleg og yfirgripsmikil og árangur af starfinu sýnilegur.

Áætlað er að 18 nemendur njóta sérkennslu í mismunandi umfangi og formi og/eða eru í skoðun og eftirliti.

ÍSAT (íslenska sem annað tungumál)

Þórunna Kolbrún Jónatansdóttir leikskólakennari er ÍSAT verkefnastjóri.

Haustið 2019 fékk skólinn 50% stöðugildi verkefnastjóra til að sinna þessum málaflokki, þar sem um mjög hátt hlutfall erlendra nemenda eru í skólanum. Verkefnastjórinn sér um að skipuleggja og halda utan um verkefni tengd málaflokknum, ásamt því að sinna sértækri málörvun fyrir ÍSAT einstaklinga og hópa.

Tví- og/eða fjöltyngd börn eru 48 eða 60% nemenda og af þeim eru 12 sem eiga annað foreldri íslenskt. Tungumál skólans eru 19, þ.e. íslenska, pólska, enska, serbókróatíska, litháska, arabíska, afríkanska, þýska, portúgalska, filipíska, spænska, víetnamska, úkraínska, rússneska, rúmenska, danska, færeyska, franska og ítalska.

Farsæld barna

Kristín Helgadóttir aðstoðarskólalastjóri er tengiliður skólans.

Löggjöf um samþætta þjónustu sem tók gildi 1.janúar 2022 kallar á breytta nálgun og áherslu í ákveðnum verkferlum. Meginmarkmið farsældarlöggjafarinnar er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu og að réttindi barna skulu tryggð.

Samræmdir mælikvarðar lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þrjú þjónustustig eiga að skapa yfirsýn og tryggja skilvirka og samfellda þjónustu við hæfi og er leikskólinn á fyrsta stigi. Fyrsta stigið er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns.

Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning á að tryggja aðgang að sérstökum tengilið í nærumhverfi barnsins. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum, skipuleggur og fylgir eftir samþættingu og kemur áfram upplýsingum ef er þörf fyrir markvissari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi. Ef börn þurfa markvissari og/eða sérhæfðari fjölþætta stuðning til lengri tíma er barni og fjölskyldu þess tryggður aðgangur að málstjóra hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að leiða stuðningsteymi og fylgir eftir þjónustu sem er veitt í samræmi við stuðningsáætlun.

Skólaþjónusta menntasviðs Reykjanesbæjar

Starfsfólk skrifstofu menntasviðs veitir þjónustu í samræmi við skilgreint verklag. Í skólaþjónustunni er lögð áhersla á þverfaglega teymisvinnu og mótast þjónustan af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda. Hver skóli hefur aðgang að ráðgjafarteymi sem heldur utan um skólaþjónustu við skólann ásamt öðru starfsfólki skólaþjónustunnar eftir þörfum.

- Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi

Ráðgjafarteymi Skógaráss

- Harpa Mjöll Magnúsdóttir kennsluráðgjafi
- Lára Björg Grétarsdóttir sálfræðingur
- Berglind Ósk Guðmundsdóttir talmeinafræðingur
- Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir verkefnastjóri ÍSAT

3. Menntastefna Reykjanesbæjar

Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030, *Með opnum hug og gleði í hjarta* er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur.

3.1 Meginmarkmið

Meginmarkmið menntastefnu Reykjanesbæjar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta. Menntastefnan fangar meginkjarna leikskólastarfsins og styður við.

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur styður við farsæld barna og leggur grunn okkar að menntastefnu Reykjanesbæjar.

3.2 Leiðarljós

Menntastefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Leiðarljósin varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur.



3.3 Stefnuáherslur

Menntastefnan byggir á fimm megin áherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Þeim er ætlað að stuðla að því að börnunum okkar líði vel og þau njóti gæða menntunar til að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð.

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar þeim tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í Skógarási er leikurinn í hávegum hafður og allt starf skipulagt með leikinn að leiðarljósi.

Skólinn leggur frumáherslu á heilsueflandi leikskólauppeldi og starfar eftir **Heilsustefnu** Unnar Stefánsdóttur ásamt því að vera þátttakandi í verkefni Embætti landlæknis **Heilsueflandi leikskóli**, **Young Athlete Program - YAP Special Olympics** og **BHRG**.

Megin markmið **Heilsustefnunnar** er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og starfi. Lögð er áhersla á að skapa heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er unnið með þroska og heilbrigði og grunnur lagður að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð. Hreyfistundir barnanna eru a.m.k. tvistar í hverri viku og ríkuleg útivera alla daga. **Heilsueflandi leikskóli** er þróunarverkefni á vegum *Embættis landlæknis* og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi. **YAP**-ið (*young athletes program*) er alþjóðlegt verkefni á vegum *Special Olympics* samtakanna og miðar að því að efla hreyfingu fyrir börn með sérþarfir. **BHRG** er lýðheilsu- og forvarnarverkefni sem snýr að því hvernig við getum greint áskoranir og nýtt markvissa hreyfiörvun sem snemmtæka íhlutun til að stuðla að bættum heila- og taugaproska barna.



Sköpun er meðfæddur eiginleiki sem á rætur í eðlislægri forvitni og athafnaþrá. Til að sá eiginleiki fái notið sín þarf að búa börnum umhverfi sem ýtir undir það að þau nýti og njóti sköpunarhæfni sinnar.

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur leggur áherslu á fjölbreytta skapandi upplifun og leik sem annan áhersluþátt starfsins. Listsköpunarstundir flæða í tveggja vikna samfelldum lotum, sem róterast milli eldri deilda og yngri deilda yfir allt skólaárið.

Uppbyggilegur skólabragur byggist fyrst og fremst á samvinnu og jákvæðum vinnubrögðum. Áherslan á fagleg-, lausnarmiðuð- og lýðræðisleg samskipti kennara mótar þann skólabrag sem við erum stolt af. Sýnt hefur verið fram á að skólabragur er jafnvel mikilvægari en námið sjálft og að bein tengsl eru á milli góðs skólabrags og vellíðunar og velgengni nemenda.



Vinátta er forvarnarverkefni **Barnaheilla** gegn einelti ætlað leikskólum. **Vinátta** þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag. Unnið er með námsefnið í öllum aldurshópum skólans.

Læsi er samheiti yfir marga færniþætti og endurspeglar hæfni til að skynja og skilja samfélagið og umhverfið á gagnrýninn hátt. Læsi er grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni og þroskar gagnrýna hugsun, ýtir undir valdeflingu, virkni og lýðræðislega þátttöku.



OPNUM HUGANN

Læsi og stærðfræði er fléttað í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er á að auka orðaforða og hugtakaskilning og að ýta undir formskynjun og rökhugsun. Námsumhverfið styður við og hvetur börnin til þess að nota tungumálið og stærðfræði í leik og starfi.

Heilsuleikskólinn Skógarás hlaut sinn þriðja **Grænfána 2021**, fáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir góða umhverfiskennslu. Umhverfismennt skólans hefur það að markmiði að auka færni nemenda og kunnáttu hvað umhverfisvernd varðar og þannig stuðla að þróun í átt að sjálfbærni. Lögð er áhersla á að umhverfismenntin flæði í gegnum allt starf skólans líkt og Heilsustefnan og fara þessar tvær stefnur vel saman.



VIÐ OG JÖRDIN

4. Mat á skólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkoandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Niðurstöður koma til grundvallar við skipulagningu næsta skólaárs.

4.1 Innra mat 2022-2023

Markmið innra mats á skólastarfi er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Innra mat fór fram með fjölbreyttum hætti, kannanir voru lagðar fyrir starfsfólk og foreldra. Foreldrasamtöl eru hluti af endurmati, þar er farið yfir heilsubók barnsins og grunnur lagður af áframhaldandi samstarfi. Mánaðarlegir fundir með skólaþjónustu Reykjanesbæjar eru nýttir til að endurmeta sérkennslutengd mál og fylgst með framþróun þeirra barna sem á þurfa. Starfsmanna- og teymisfundir skólans eru vettvangur sem við nýtum í að endurmeta starfshætti, viðburði og fræðslu starfsmanna.

Hvað var metið	Hvernig fór matið fram	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Heilsueflandi leikskólauppeldi – Heilsustefnan			
Nám og velferð barna	Skráning í heilsubók barnsins og foreldraviðtöl í framhaldi. Skráningarþættir: <ul style="list-style-type: none">• Heilsufar• Næring, svefn og sjálfshjálp• Leikurinn• Félagssæmi/lífsleikni• Fín-og grófhreyfigeta• Þróun myndsköpunar	Deildarstjórar og foreldrar	Mikil ánægja með starfið með börnunum, sýnilegar framfarir og ánægja barna.
Hreyfiþroski barna	Einstaklings hreyfiþroskagátlistar <ul style="list-style-type: none">• Heilsubók barnsins• MOT 4-6• YAP• BHRG	Fagstjóri hreyfingar og nemendur	Einstaklingsáætlanir og snemmtæk íhlutun fyrir þá nemendur sem þurfa á að halda.

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur	Gátlistar samtaka heilsuleikskóla: <ul style="list-style-type: none"> Næring og sjálfshjálp Lífsleikni Sköpun Hreyfing Skráningar 	Starfsfólk deildanna	Heilt yfir gengur okkur vel, mættum vera duglegri að nýta opinn efnivið og fylgja eftir veikindaskráningu barna.
Heilsueflandi leikskóli verkefni Landlæknis	Gátlistar verkefnisins útfylltir – öryggi og tannvernd	Heilbrigðisteymi skólans	Verkefnið gekk vel, úrbætur gerðar. Framfarir eru stöðugar og í samræmi við áætlanir
Læsi og málörvun			
Hljóðkerfisvitund elstu barna	Hljóm2 könnun lögð fyrir elsta árgang að hausti og endurtekið eftir þörfum í janúar.	Sérkennslustjóri, deildarstjóri og ÍSAT verkefnastjóri	Framúrskarandi niðurstöður í fyrstu. Endurtekning einstaklinga sýndi framfarir.
Máltaka barna	Skráningarlisti TRAS notaður til að kortleggja máltöku yngstu barna 2x á ári og ef ástæða er til, eftirfylgni áfram upp í aldri.	Deildarstjórar	Einstaklingsáætlanir og málörvun eftir aðstæðum.
Stoðþjónusta			
Sérkennsla	Samráðsfundir <ul style="list-style-type: none"> EFI-2 málþroskaskimun APES getukvarði 	Skólþjónusta Reykjanesbæjar, sérkennslustjóri og deildarstjórar	Einstaklingsáætlanir, sjónrænt skipulag, stoðbúnaður og snemmtæk íhlutun eftir þörfum.
Stoðbúnaður	Fylgst var með ákveðnum börnum, skráningar og líðan kannanir	Sérkennslustjóri og starfsmenn sérkennslu	Miklar framfarir í líðan, hegðun og námi. Þyngingarvestin hafa veruleg áhrif, ásamt sjónrænu skipulagi og eftirfylgni.
ÍSAT (Íslenska sem annað tungumál)	Samráðsfundir <ul style="list-style-type: none"> hæfnisrammar í íslensku samræðulestur-skráning kennara TMT möppur-skráning foreldra 	Skólþjónusta Reykjanesbæjar, ÍSAT verkefnastjóri, ÍSAT teymi skólans, deildarstjórar, allir starfsmenn og foreldrar.	Verkefnið er mjög vel á veg komið, mikil þátttaka foreldra í notkun á TMT möppum sem fóru heim. Hæfnisrammar sýna okkur framfarir hjá öllum, sérstaklega í orðaforða. Samræðulesturinn jók á flóknari orðaforða barnanna.
Umhverfisvernd - Grænfáninn			
Matarsóun	Deildirnar vigtuðu matarafgangna í heila viku samfellt tvisvar yfir veturinn, með viku millibili og tóku síðan endurmat á fundi. Eldhús skráði umfang afgangna yfir 2 vikur.	Starfsmenn deilda og eldhúss	Matarsóun er mjög lítil í skólanum og minnkaði enn frekar eftir seinni mælingu.
Umhverfismat	Gátlisti fyrir leikskóla frá Landvernd -átthagar og landslag	Elstu börnin í skólanum	Við erum að standa okkur vel, vantar betri þekkingu á nærumhverfi. Ákveðið að útbúa bækling um nærumhverfið.
Réttindi barna			

Líðan barna	Barnaþing	Allur barnahópurinn á yngstu og elstu deild skólans.	Niðurstöður sýna að börnunum líður mjög vel í skólanum okkar. Hægt er að lesa nánar um niðurstöður á heimasíðu skólans.
Líðan barna	Einstaklingssamtöl foreldra við börnin sín. Foreldrar skiluðu skýrslu til deildartjóra sem nýtt var áfram í foreldrasamtal.	Öll börn í elsta árgangi.	Börnunum líður vel í skólanum.
Valdefling barna	Valdefling elstu barna í sjálfshjálpi og sjálsábyrgð forstofu.	Elstu börn skólans.	Sjálfstraust og ákvarðanataka jukust. Ánægja í barnahópnum með aukna sjálfhábyrgð.
Mannauður - skólabragur			
Starfshættir og viðburðir	Fundir og starfsdagar nýttir í endurmat með umræðum	starfsfólk	Mismunandi eftir atvikum og úrbætur gerðar jafnóðum í takt við lýðræðislegar niðurstöður kosninga
Fræðsla starfsmanna á fundum, starfsdögum og faglestur	Fundir og starfsdagar nýttir í endurmat með umræðum	Starfsfólk	Mikil aukning í áhuga á leikskólastarfinu, valdefling starfsmanna hefur aukist og sjálfstraust í verkefnum skólans.
Betri vinnutími – stytting vinnuvikunnar	Endurmetið á fundum stjórnendateymis – reglulega yfir veturinn	stjórnendateymið	Almenn ánægja, mestu kjarabætur sem við höfum fengið. Skólinn er með fulla vinnustyttingu sem tekin er vikulega.
Viðverustefna Skóla	Viðvera skráð og viðverusamtöl tekin eftir þörfum og leikreglum	Viðeigandi starfsmenn og skólastjórnendur	Starfsfólk er að vinna að heillindum heilt yfir og sýnileg áhrif í góðri viðveru.
Hlutverk deildarstjóra	Sjálfsmat deildarstjóra á eigin stjórnun og skipulagi.	Deildarstjórar	Trúnðarmál.
Samstarf – samvinna			
Brúum bilið, samstarf við hina hverfis skólana (Völl og Háaleitisskóla)	Fundir og samtöl	Deildarstjóri elstu deildar ásamt tengiliðum verkefnisins.	Ánægja með verkefnið, sem miðaði af öryggi og vellíðan barnanna.
Aðlögun nýrra barna	Rafrænn spurningarlisti	Foreldrar barna sem voru í aðlögun í ágúst 2022	Mjög mikil ánægja með aðlögunartíminn og fyrirkomulagið, ábendingar komu varðandi hvíldina hjá okkur, sem búið er að endurmeta og setja inn úrbætur.

4.2 Ytra mat 2022-2023

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati menntasviðs Reykjanesbæjar og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Viðhorfskönnun starfsmanna var framkvæmd á árinu af Skólalúsinum sem er hluti af reglubundnu ytra mati Skóla ehf., framkvæmt annað hvert ár.

Hvað var matið	Hvernig fór matið fram	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun leikskóla 2023 <ul style="list-style-type: none"> • Starfið • Starfsfólkið • Vinnustaðurinn • Stjórnun • Uppeldi og menntun • Símenntun og undirbúningstími 	Skólalúsin -Rafræn könnun	Starfsmenn – utan skólalúsin	Heilt yfir sjáum við að mikil ánægja og fyrirmyndar niðurstöður sem er innan skólans. Starfsmannahópurinn er öflugur og þéttur, sem endurspeglast í þessum góðu niðurstöðum. Mikil áskorun að halda þessari góðu starfsánægju. Ábendingar komnar í ferli.
Veikindi starfsmanna 2022	Heilsuvernd -Ársskýrsla veikindaskráningar	Starfsmenn	Niðurstöður sýndu skammtímaveikindum hefur fækkað, sem endurspeglar stöðuna í samfélaginu eftir covid.

4.3 Umbótaáætlun 2023-2024

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<i>Hvað þarf að bæta?</i>	<i>Að hverju er stefnt?</i>	<i>Hvernig framkvæmum við það?</i>	<i>Hver ber ábyrgð?</i>	<i>Hvenær hefst og hvenær lokið?</i>	<i>Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, gagnasöfnun)</i>	<i>Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðinu.</i>
Móttaka nýrra starfsmanna	Endurskoða móttökuáætlun nýrra starfsmanna.	Móttökuáætlun endurbætt og virkjuð enn frekar.	Skólalúsin	Haust 2023	Starfsmannasamtöl.	Að nýjir starfsmenn séu ánægðir og skilji sitt hlutverk.
Þátttökuaðlögun	Að auka ánægju foreldra með hvíldina í aðlögun.	Allir foreldrar fara með börnum í hvíld, ef barn sofnar ekki fer það heim.	Deildarstj. yngstu deilda.	Ágúst 2023	Niðurstöður ræddar á stjórnendateymisfundum í lok september	Þátttökukönnun meðal foreldra 2023 sýna að 90% foreldrar séu ánægðir með hvíldina.
Sérkennsla	Auka gæði í sérkennslu	Skilvirkari einstaklingsþjálfun. Auka leiðsögn sérkennslustjóra til foreldra og kennara.	Sérkennslustjóri	Allt skólaárið	Teymisfundir með foreldrum og kennurum.	Vellíðan barnanna sem endurspeglast í virkni í skólastarfi.
ÍSAT	Efla íslenskunám barna af erlendum uppruna	Virkja starfsmenn deilda til þátttöku með skipulögðum verkefnum og	ÍSAT verkefnastj.	Ágúst 2022 – júlí 2023	Umræður í ÍSAT teymi, stjórnendateymi og á deildarfundum	Ákveðnir starfsmenn á hverri deild eru virkir í að fylgja eftir verkefnum og áætlun ÍSAT.

		teymisvinnu og þátttaka í rannsókn HÍ „Orðheimurinn á Íslandi“ (2 ár)				
Menntastefna Reykjanesbæjar	Innleiðing menntastefnu	Samþætta menntastefnu við skólanámskrá og starfsáætlanir	Skólastjórar	Ágúst 2022 – maí 2024	endurmat á fundum stjórnendateymis.	Ný skólanámskrá með sýnilegri samþættingu og innleiðingu menntastefnunnar.
Rafræn heilsubók	Auka færni og þekkingu í notkun á heilsubókinni	Útbúa kennslumyndbönd	Ingibjörg Lilja	Ágúst 2023- desember 2023	Endurmat í janúar 2024	Að kennslumyndböndin séu skilvirk og tilbúin til útgáfu fyrir samtök heilsuleikskóla.
Farsæld barna – stuðningur við uppeldisfærni foreldra	Að styrkja og styðja við foreldra í foreldrahlutverkinu	Þátttaka í þróunarverkefni HÍ	Háskóli Íslands og Kristín og Camilla	Haust 2023 – vor 2025	Verkferlar eiga eftir að koma fram	Viðmiðin eiga eftir að koma fram
Umhverfismennt	Að elstu börnin þekki betur nærumhverfi skólans	Vettvangsferðir um hverfið og heimsóknir til fyrirtækja og stofnanna	Deildarstjóri	Skólaárið	Vor 2024	Að fá 5 broskarla af 6
Leikgleði í gegnum sögur og söng	Auka færni kennara og fræðslu barnanna	Þátttaka í þróunarverkefni leikskóla Reykjanesbæjar og bókasafnsins	Rnbær (ÓKG og BH) og Ingibjörg Lilja	Haust 2023 – vor 2025	Verkferlar eiga eftir að koma fram	Viðmiðin eiga eftir að koma fram
Starfsmanna-handbók skólans	Skilvirk og gagnleg handbók	Endurskoðun á innihaldi og uppsetningu	Camilla	Haust 2023	Eftir útgáfu	Starfsmannahandbókin samþykkt af starfsmönnum.
Starfendarrannsókn	Að starfsfólk tileinki sér verkfærið til að ígrunda og efla eigin starfshæfni	Kynning fyrir starfsmenn um starfendarrannsóknir	Íris	Haust 2023	Á fag- og starfsmannafundum yfir skólaárið	Valdefling starfsmanna og aukin færni.

4.4 Matsáætlun 2023-2024

Endurmat á einstaka þáttum skólastarfsins verða endurmetnir á fundum reglulega og eftir þörfum.

Mánuður	Viðfangsefni	Framkvæmd	Ábyrgð	Hverjir fá niðurstöður	Birtingaform
Ágúst - desember	Kynnast nýjum verkfærum í innramati skólans	Kynnast nýju mælitæki Meta+Geta sem metur skólastarf og árangur	skólastjórnendur	Stjórnendateymi	Enging birting
Tvisvar á ári í kringum afmæli og 6 mánuðum síðar	Heilsubók barnsins	Fylgst með og skráð	Deildarstjórar	Foreldrar	Rafræn heilsubók barnsins og foreldrasamtöl
Allt árið	Íslenska fyrir fjöltýngd börn í leikskóla	Hæfnirammí í íslensku	ÍSAT verkefnastjóri	ÍSAT teymi, deildarstjórar og foreldrar.	Trúnaðarmál

Tvisvar á ári í kringum afmæli og 6 mánuðum síðar	TRAS	Fylgst með yngstu börnum skólans og áfram ef þörf	Deildarstjórar	Foreldrar og sérkennslustjóri ef áhyggjur vakna	Trúnaðarmál og foreldrasamtöl
Allt árið	EFI-2	Lagt fyrir á fjórða aldursári allra barna	Sérkennslustjóri	Foreldrar og deildarstjórar	Trúnaðarmál og samtöl
Allt árið og eftir þörfum	Hreyfiproski barna <ul style="list-style-type: none"> MOT 4-6 YAP BHRG Heilsubók barnsins 		Fagstjóri hreyfingu		
Allt árið	Vinumhverfi skólans – KÍ gátlisti	Faghópurinn	Skólastjórar	Starfsfólk og rekstraraðili	trúnaðarmál
Haustönn	Sjálfsmat deildarstjóra	Deildarstjórar	skólastjórar	Skólastjórar	trúnaðarmál
Haustönn	Heilsueflandi samfélag	Gátlistar verkefnis	Heilsuteymi	Starfsfólk og eftir atvikum aðrir	ársskýrsla
ágúst	Foreldrakönnun vegna þátttökuaðlögunar	Rafræn spurningakönnun	Aðstoðarskólastjóri	Starfsmenn	trúnaðarmál
September	HLJOM2	Lagt fyrir börn í elsta árgangi skólans	Sérkennslustjóri	Foreldrar og deildarstjórar. Samantektina fær menntasvið Reykjanesbæjar	Trúnaðarmál. Samantektin er notuð í sambanburð milli leikskóla.
Október	Líðan barna	Foreldrar taka samtalið við börnin sín í elsta árgangi.	Deildarstjóri elstu barna	Starfsmenn og foreldrar viðkomandi barna	Samantekt og samtalið.
Desember	Starfendarannsókn	Skýrsla úr dagbók.	Starfsmenn sem vinna með börnum	Stjórnendateymið	Æfing-trúnaðarmál
Janúar	HLJOM2	Lagt fyrir börn í elsta árgangi sem komu út með slaka eða mjög slaka færni í september	Sérkennslustjóri	Foreldrar og deildarstjórar	trúnaðarmál
Febrúar	Skólapúlsinn	Rafrænn spurningarlisti fyrir foreldra	Skólapúlsinn og aðstoðarskólastjóri	Starfsmenn og kynning á vef	Kynning á heimasíðu skólans
Apríl	Umhverfsgátlisti-nærumhverfið	Spurningalisti ræddur á barnþingi elstu barna	Deildarstjóri elstu barna	Foreldrar og starfsmenn	Kynning á skjám og heimasíðu skólans?
Mái	Starfendarannsókn	Skýrsla úr dagbók.	Starfsmenn sem vinna með börnum	Stjórnendateymið	Æfing-trúnaðarmál

5. Starfsþróun og fræðsla

Við höfum lagt mikla áherslu á lærdómssamfélagið okkar og hefur sú áhersla skilað sér í auknum áhuga á að mennta sig enn frekar í leikskólafræðum. Stór hluti starfsmanna okkar eru í námi og hafa verið síðustu árin.

Starfsdagar og starfsmannafundir eru vel nýttir í að samræma vinnubrögð og styrkja og efla okkur enn frekar í okkar heilsuefandi leikskólaumhverfi, ásamt því að koma með nýjar áherslur.

Markviss faglestur á völdum greinum sem starfsmannahópurinn les á sama tíma og ræðir í umræðuhópum, stuðlar einnig að aukinni fróðleiksfýsni og áhuga starfsmanna.

Starfsdagar leikskóla Reykjanesbæjar eru 5 og starfsmannafundir 10 klst. á einu skólaári. Skipulag starfsdaga er gerð í samvinnu við hverfisskólana (Völl og Háaleitisskóla) og foreldraráð skólans. Foreldraráðið leggur mikla áherslu á þessa samræmingu skólahverfissins og að við skipuleggjum dagana með þeim hætti að þeir auki við samfellda samveru fjölskyldna í tengslum við helgar- og eða önnur frí.

Starfendarannsókn þar sem allir starfsmenn (utan eldhúss) taka þátt í að tileinka sér að nota dagbók í daglegu starfi til ígrundunar. Rannsóknarspurningin er: *Hvernig gengur mér að tileinka mér að nota dagbók til að ígrunda faglegt skólastarf?* Þó er öllum frjálst að setja sér aðrar rannsóknarspurningar og vinna með í persónulegum ávinningi. Við erum fyrst og fremst að kynnast verkfærinu sem starfendarannsókn er.

5.1 Nám og starfsþróun 2022-2023

Áætlunin er í sífelldri þróun og bætist í jafnt og þétt yfir skólaárið.

Starfsfólk	Hvað	Staða/innihald	Tími	Ábyrgð
Camilla Lillý deildarstjóri	Diplóma: menntun allra	1.ár (1 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Ingibjörg Lilja stoðdeild	Master í leikskólafræðum	2.ár (2 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Íris Dögg deildarstjóri	Master í leikskólafræðum	2.ár (2 ár)	Fram að áramótum	Háskóli Íslands
Hólmfríður sérkennslustjóri	Master í mál og læsi	2.ár (2 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Þóra Sigrún skólastjóri	Diplóma:leiðsagnarkennari	Önnur og þriðja önn (1,5 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Kristín aðstoðarskólastjóri	Diplóma: Farsæld barna	1 ár	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Viktoría Sól	Master í Leikskólafræðum	1.ár (2 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands

Inga Sjöfn	Leikskólafræði	1. ár (3 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Dagbjört	Leikskólafræði	1. ár (3 ár)	Allt skólaárið	Háskóli Íslands
Camilla og Kristín	Farsæld barna- stuðningur við uppeldisfærni foreldra - <i>The Incredible Years</i> .	Að styrkja og styðja við foreldra í foreldrahlutverkinu.	Allt skólaárið	HÍ
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Leikgleði í gegnum sögur og söng	Þróunarverkefni allra leikskóla Reykjanesbæjar og bókasafnsins	Allt skólaárið	Reykjanesbær og Birte Harsen
Deildarstjórar	Jafningjastuðningur - deildarstjórahlutverkið	Öflugt samfélag jafningja til að deila faglegum áskorunum og ígrunda þær saman.	Haustönn	skólastjórar
Kollý og Kristín	Farsældarþing	Farsæld barna	4.september	Stjórnarráðið
Allir sem vinna með skólafréttir	Örnámskeið	Myndir, myndataka og orðanotkun	September	skólastjórar
Allir sem vinna með börnum	Námsumhverfi 1-3 ára barna - Efniviður og rými	Námskeið á starfsdegi	22.september	Sigríður Síta
Allir starfsmenn	„Fáðu meira úr fríinu“	Námskeið á starfdegi	22.september	Heilsuvernd
Kollý og Ásdís	Tákn með tali (TMT)	Tákn með tali	27.september	RGR
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Sérkennsla skólans	Kynninga á fyrirkomulagi og áherslum	20.október	Hólmfríður sérkennslustjóri
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Farsæld barna	Kennsluefni frá BOFS	20.október	Skólastjórar
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Menntastefna Reykjanesbæjar	Fræðsluefni frá Rnbæ	20.október	Skólastjórar
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Aðalnámskrá leikskóla	Áherslubreytingar	20.október	skólastjórar
Marsibil	Tákn með tali (TMT)	Tákn með tali	15.nóvember	RGR
Allir starfsmenn	Ukulele	Læra á hljóðfærið til að nýta í starfi.	2.janúar	Hrafnkell Brimar Hallmundsson
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Einingakubbar	Kynnast kubbum til að nýta í starfi	2.janúar	Íris og Camilla
Allir starfsmenn	skyndihjálp	Slysavarnir og viðbrögð	2.janúar	Rúnar Helgason
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Heimsmarkmið barnasáttmálans	Er í skoðun	Vorönn	Skólastjórar
Allir starfsmenn sem vinna með börnum	Hæglátt leikskólastarf	Er í skoðun	Vorönn	skólastjórar

6. Tengsl skólastiga

Áralöng hefð er fyrir samstarfi leik- og grunnskóla sem byggir á samstarfi kennara, heimsóknum barna og kennara á milli skólastiga og skilafundar þar sem farið er yfir upplýsingar um einstaka börn samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, 16 grein. Reykjanesbær ásamt fulltrúum leik- og grunnskólanna hefur þróað grunnáætlun sem allir hverfisskólarnir byggja svo sína samstarfsáætlun út frá. Hverfisskólarnir á Ásbrú auk okkar, eru leikskólinn Völlur og Háaleitisskóli.

Í Aðalnámskrá kemur fram að meginatriði nýrrar menntastefnu var að auka svigrúm, sveigjanleika og samfellu á milli skólastiga og lögð áhersla á að koma betur til móts við ólíkar þarfir barna. Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast á milli skólastiga.

Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni sem börnin öðluðust í leikskóla á þannig að verða sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga þar sem velferð barnsins er í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum þurfa að kynna sér nám og starsaðferðir hvers annars þannig að börn upplifi samfellu milli leikskóla og grunnskóla.

Áætlun hverfisskólanna á Ásbrú fyrir skólaárið er skipulögð á samráðsfundi að hausti til og byggir á gagnkvæmum skólaheimsóknum þar sem skapandi verkefnavinna með sameiginlegu þema, þar sem skrímsli eru megininntakið.

Þau börn sem fara í aðra grunnskóla en Háaleitisskóla taka fullan þátt til að skapa tengingu við grunnskólaumhverfið, en þeim er svo boðið í skólaheimsóknir í sína hverfisskóla að vori.

7. Foreldrasamvinna

Mikilvægi góðs foreldrasamstarfs er nauðsynlegt til að tryggja gagnkvæmt traust milli heimilis og skóla. Eitt af meginmarkmiðum í lögum um leikskóla er að nán samvinna skuli vera með foreldrum um að fylgjast með og efla alhliða þroska barna.

7.1 Fjölskyldan og leikskólinn

Dagleg samskipti eiga að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu.

Formleg foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári, í tengslum við skráningar í *Heilsubók barnsins*. Samtölin gefa tækifæri til markvissra samæða um líðan, nám og þroska barnsins heima og í skólanum. *Heilsubók barnsins* er gæðamatskvarði heilsuleikskóla og segir til um hvort settum markmiðum Heilsustefnunnar sé náð og byggja foreldrasamtölin oftast á þeirri skráningu. Skráningarnar fara fram í kringum heils- og hálfárs afmæli barnanna og samtöl tekin í framhaldi.

Upplýsingamiðlun okkar og foreldra er leikskólakerfið *Karellen* (heimasíða og app) ásamt tölvupósti og upplýsingaskjám í forstofum barnanna.

Þátttökuáðlögun er í upphafi leikskólagöngu og byggir hún á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Í þátttökuáðlögun eru foreldrar fullir þátttakendur frá fyrsta degi og öðlast þannig öryggi yfir dagskipulaginu, skólastarfinu, kynnast starfsfólkinu, öðrum börnum og foreldrum.

7.2 Foreldrafélag

Í Skólanum er starfrækt foreldrafélag undir kennitölu 671011-0310, til heimilis í húsnæði skólans að Skógarbraut 932, 262 Reykjanesbæ.

Tilgangur félagsins er að:

- Vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna.
- Vera samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna sem eiga börn í skólanum.
- Stuðla að góðum skólabrag m.a. með því að efla samveru nemenda og foreldra og hvetja til virkar þátttöku.
- Veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum.
- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi skólastarfið til stjórnenda og foreldraráðs.
- Hafa góð tengsl við stjórnendur og annað starfsfólk skólans.

Í foreldrafélagi eru:

- Kamilla Sól Sigfúsdóttir foreldri á Lóu
- Elín Ósk Björnsdóttir foreldri á Krumma

- Amý Ósk Ómarsdóttir foreldri á Spóa
- Berglind Sólveig Þórarinsdóttir foreldri á Lóu

Foreldrafélagið hefur þann góða sið að styðja við skólann og líkt og áður var félagið rausnarlegt í gjöfum síðasta skólaári og fór fjármagn félagsins í eftirfarandi:

- Myndataka ljósmyndara -einstaklings- og hópmynd af útskriftarnemum.
- Tveir Samsung Galaxy S23+ að gjöf til að bæta myndatöku skólans.

7.3 Foreldraráð

Samkvæmt 11.gr.laga um leikskóla skal vera starfrækt foreldraráð við skólann og að lágmarki skuli þrír foreldrar sitja í ráðinu.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Í Foreldraráðinu eru:

- Eysteinn Húni Hauksson Kjerúlf foreldri á Lóu
- Ína Steinunn Pálsdóttir foreldri á Spóa
- Margrét Matthíasdóttir foreldri á Krumma

7.3.1 Umsögn foreldraráðs á starfsáætlun skólans

Starfsáætlun Heilsuleikskólans Skógaráss hefur verið yfirfarin af foreldraráði skólans starfsárið 2023-2024.

Starfsáætlunin er yfirfarin og samþykkt. Vönduð og ítarleg. Vel skipulagt starf í þessri starfsáætlun. Einnig er gaman að sjá hversu margir eru að auka við menntun og þekkingu sem nýtist í starfi. Eykur starfsánægju og öryggi barna.

Fh. foreldraráðs

Ína Steinunn Pálsdóttir

8. Viðauki

8.1 Mannauður

Nafn	Starfshl.	Starfssvið	Menntun
Póra Sigrún Hjaltadóttir	100	Skólastjóri	Leikskólakennari
Kristín Helgadóttir	30/20/50	Aðstoðarskólastjóri og tengiliður vegna farsældar barna	Leikskólakennari með diplómu í stjórnun menntastofnanna
Guðríður Guðjónsdóttir	100	Deildarstjóri Spóa	Leikskólakennari
Íris Dögg Hauksdóttir	100	Deildarstjóri Lóu	BsS í þjóðfræði og mastersnám í leikskólafræðum
Lovísa Rut Lúðvíksdóttir	100	Deildarstjóri Krumma	Leikskólakennari
Camilla Lillý Sigmundsdóttir	100	Deldarstjóri Kríu	Leikskólakennari
Hólmfríður María Hjaltadóttir	50/40	Sérkennslustjóri og sérkennsla	Leikskólakennari með diplómu í sérkennslufræðum og skóla margbreytileikans
Þórunn Kolbrún Jónatansdóttir	50/50	ÍSAT verkefnastjóri og sérkennsla	Leikskólakennari
Ásta Katrín Helgadóttir	100	Fagstjóri í hreyfingu og sérkennsla	Íþróttakennari
J.Björk Birgisdóttir	90	Fagstjóri í sköpun	Kennsluréttindi
Ingibjörg Lilja Kristjánsdóttir	100	Stoðeild	Bed í leikskólaæðum og mastersnemi í leikskólafræðum
Marsibil Anna Jóhannsdóttir	100	Sérkennsla	Iðjuþjálfari
Ásdís Eckard	100	Leiðbeinandi	Leikskólaliði
Bryndís Dögg Sanders	100	Leiðbeinandi	Grunnskólapróf
Dagbjört Rós Lárusdóttir	100	Leiðbeinandi	Nemi á 1.ári í leikskólakennarafræðum
Inga Sjöfn Arnbergsdóttir	100	Leiðbeinandi	Leikskólaliði, stuðningsfulltrúi og nemi á 1.ári í leikskólakennarafræðum
Margrét Ósk Valsdóttir Proppé	100	Leiðbeinandi	Leikskólaliði og félagsliði
Matthildur Ósk Ólafsdóttir	100	Leiðbeinandi	Leikskólaliði
Stella Nanna Magnúsdóttir	100	Leiðbeinandi	Leikskólaliði
Viktoría Sól Sævarsdóttir	100	Aðstoðarleikskólakennari	Bed í leikskólaæðum og mastersnemi í leikskólafræðum
Þórunn Thelma Sigurðardóttir	100	leiðbeinandi	Grunnskólapróf
Anna Bokuniewicz	100	Matráður	Grunnskólapróf
Inna Hoienko	50	Aðstoðar matráður	Grunnskólapróf

8.2 Skóladagatal 2023-2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ		1 F	1 S	1 M	1 F Fulveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýsðagurinn	1 L	1 M
2 M		2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ Starfsdagur	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F		3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M Sumarfrí hefst
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ		8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	Starfsmannafundur 8-10 Skólinn opnar	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F		10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknaðsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F Starfsdagur	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M		16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F Starfsdagur	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M Lýðveldisdagurinn	17 M
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur - upphaf Þorra	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S		20 M	20 F starfsdagur	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunu	20 F	20 L
21 M		21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ starfsdagur	21 F	21 S
22 Þ		22 F Starfsdagur	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M		23 L	23 M Vetrarfrí	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M Jóladaur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L		26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ)	26 F
27 S		27 M	27 F	27 M	27 M Jólafrí	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M		28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F Jólafrí	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F Jólafrí	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L Jólafrí	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F			31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA